



Lúxemborg, 10. nóvember 2014

## FRÉTTATILKYNNING 14/2014

### Dómur í máli E-9/14 Meðferð máls *Otto Kaufmann AG*

#### EKKI SKYLDA AÐ FÆRA REFSIDÓMA LÖGAÐILA Í SAKASKRÁ

Með dómi sem kveðinn var upp í dag svaraði EFTA-dómstóllinn spurningu sem honum barst frá dómstóli í Liechtenstein („*Fürstliches Landgericht des Fürstentums Liechtenstein*“) um skyldur að EES-rétti til að færa refsidóma yfir lögaðilum í sakaskrá.

Otto Kaufmann AG, sem er félag skráð í Liechtenstein, var í janúar 2014 sakfelld fyrir vanskil á starfstengdum greiðslum í lífeyrissjóð. Dómurinn var sendur til skráningar á sakaskrá en sú skrá er í umsjá sérstaklega tilnefnds dómara við dómstóllinn í Liechtenstein. Við það tækifæri hreyfði embætti ríkissaksóknara Liechtenstein andmælum við fyrirhugaðri skráningu á þeirri forsendu að Otto Kaufmann AG væri ekki einstaklingur.

Dómstóllinn í Liechtenstein ákvað að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um hvort EES-réttur, og þá sérstaklega ákvæði um frelsi til að veita þjónustu og staðfesturétt (31. og 36. gr. EES-samningsins) og/eða afleidd löggjöf eins og tilskipun 2004/18/EB, um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga, og tilskipun 2006/123/EB, um þjónustu á innri markaðnum, gerðu þá kröfu að skrá skyldi dóma í refsímálum lögaðila þar sem sakfelld væri með skýrum hætti, til dæmis í sakaskrá.

EFTA-dómstóllinn lagði fyrst mat á hvort málið væri dómtækt. Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að landsdómstóllinn væri að sinna dómstörfum í skilningi 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls þegar hann hefði til meðferðar mál sem snertu skráningar á sakaskrá í Liechtenstein. Þótt sakfelldi lögaðilinn væri í raun félag skráð í Liechtenstein, þá gæti túlkun EES-réttar engu að síður komið landsdómstólnum að gagni þar sem þær innlendu réttarreglur sem á reyndi í málinu gætu haft réttaráhrif í fleiri en einu EES-ríki. Var málið því talið dómtækt.

Að því er snerti efni málsins taldi EFTA-dómstóllinn að 31. og 36. gr. EES hefðu ekki í för með sér skyldu til að skrá refsidóma yfir lögaðilum. Tilskipanir 2004/18/EB og 2006/123/EB gerðu EES-ríki heldur ekki skylt að skrá viðurlög sem landsdómstólar hefðu ákvarðað lögaðilum í sakaskrá. Tilskipanirnar gætu þó lagt skyldu á EES-ríki að veita upplýsingar um sakfellingar sem kynnu að hafa áhrif á færni og faglegt traust til lögaðila ef annað EES-ríki færi sérstaklega fram á það. Það væri hlutverk landsréttar að mæla fyrir um varðveislu og meðferð slíkra upplýsinga.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal, dómurinn sjálfur gildir.